

sjálfum, heldur en með þeim, sem vér skoðum að á einhvern hátt hafi unnið til þess, vegna þess að vér æfinlega skoðum oss í fyrrnefnda hópnum. Eg átla sjálfur að sýna dæmi hvernig þeir sanna að hluttekning vor náí að eins til þeirra, sem nánir oss eru, hlutfallslega meiri eða minni eftir því hve nánir þeir eru oss. Salvador Macri var hengdur hér í Winnipeg þann 15. janúar. Vér tókum meiri hluttekningu í afdrifum hans, heldur en þótt einhver annar Ítali hefði verið líflátinn suður á Ítalíu, vegna þess að hann var nær oss í rúmi. Ef Íslendingur heima á Íslandi hefði verið líflátinn á sama tíma, þá hefðum vér tekið meiri hluttekningu í afdrifum hans heldur en Ítalans, sem líflátinn var í sömu borg og vér búum í, vegna þess að hann stóð oss nær að skyldleika. Ef annar Íslendingur hefði orðið fyrir sömu afdrifum hér í Winnipeg, þá hefðum vér tekið enn meiri hluttekningu í hans kjörum, því hann var nær oss en hinn hvað rúm snerti; ef hann hefði verið okkur skyldur, þá enn meiri hluttekningu, og því skyldari því meiri. Jafnvel hefði hluttekning vor, vegna eigin hagsmuna, getað orðið á þann hátt, að vér hefðum alls ekki viljað kannast við hann og sagt eins og Pétur forðum: „Ekki þekki eg hann“.

Í trúarbrögðunum segja þeir, að hið sama komi einnig fram. Menn séu ætíð að vinna fyrir launum. Þeir segja að þau trúarbrögð, sem sérstaklega telji sér til gildis sínar siðferðis kenningar, t. d. Kristnin og Buddhism, þá séu menn dygðugir vegna launa. Buddha segir, ef þú vilt ekki verða fyrir þessu, þá máttu heldur ekki gera þetta, en kristnir kenna: „Dæmið ekki svo þér verðið ekki dæmdir, því eins og þér dæmið aðra eins verðið þér líka dæmdir“. Sælir eru þeir sem gera þetta eða hitt, því þeir munu umbun hljóta. Það er eigingirni (self-interest), sem gerir Buddatrúarmanninn dygðugann. Hann á ekki von á því að lenda í Nirvana, án þess að hann breyti vel. Það er eigingirni sem gerir hinn kristna mann góðan, því hann býst við eilífri sælu að launum, en helvítiskvölum ef hann breytir illa. Það er eigingirni, sem rekur fríþenkjarann til að vera dygðugann. Reynslan hefir sýnt honum, að ráðvendingin er raunæfust. Þeir halda því fram, að hver einasti einstaklingur